

Mál nr. 95/2018
M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á bifreið 21.2.2018.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.3.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 9.4.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf M, dags. 11.4.2018.

Málsatvik.

M lýsir aðstæðum svo að hinn 21.2.2018 hafi bifreið í hans eigu verið ekið um poll á Þingmannaleið á hægri ferð þegar jeppi á stórum dekkjum hafi tekið fram úr með þeim afleiðingum að vatnsflaumur fór yfir bifreið M með þeim afleiðingum að tjón varð á vél bifreiðarinnar. M telur pollinn hafa myndast vegna vatnsflóðs í götunni og eigi tjónið því undir gr. 4.5 í kaskótryggingarskilmálum V og hefur krafist bóta úr kaskótryggingu hjá V vegna tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að sá pollur sem bifreið M var ekið í, eða afleiðingar þess að umræddur jeppi ók fram úr bifreið M, teljist ekki til vatnsflóðs í skilningi vátryggingarskilmála og falli þar af leiðandi ekki undir gildissvið vátryggingarinnar. V vísar til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 46/2008. 132/2015 og 257/2006 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.5 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð og aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða. Vatnsagi á götunni sem bifreið M var ekið um virðist hafa myndað allstóran poll á götunni að öllum líkindum sökum þess að niðurföll hafa verið stífluð eða fráveitukerfi sveitarfélagsins hefur ekki annað því að koma vatni af götum. Þótt stór pollur, og eftir atvikum nokkuð djúpur, hafi myndast við þessar kringumstæður, var vatnið á sjálfri götunni þar sem ætíð má búast við nokkurri vatnssöfnum svo sem í leysingum eða þegar hitabreytingar eru. Er hér ekki um flóð að tefla í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum. Kaskótryggingin tekur því ekki til tjónsins. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr kaskótryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M á bifreið þess, bætist ekki úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður